

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstrí 8-10  
150 Reykjavík  
Sent rafrænt á nefndasvið@althingi.is

Reykjavík, 11. janúar 2021.

**Efni: Umsögn við frumvarp til laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála. 151. Lögjafarþing 2020-2021. Þingskjal 442 - 356. mál. Stjórnarfrumvarp.**

Félagsráðgjafafélag Íslands (FÍ) þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn vegna frumvarps til laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála. Félagið veitti umsögn vegna frumvarpsins á fyrri stigum með bréfi dags. 24. júní 2020 og hefur frumvarpið tekið breytingum til hins betra frá þeim tíma. Fagnar félagið áformum um að sérstakri stofnun verði falið eftirlit með gæðum þjónustu sem veitt er á grundvelli laga um Barna- og fjölskyldustofu, laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, laga um málefni aldraðra, laga um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, laga um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón og heyrnarskerðingu og laga um samþættingu þjónustu í þágu farælsar barna.

Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála er ætlað stórt hlutverk og virðist gengið út frá nánú samstarfi stofnunarinnar við aðra stjórnsýslustofnun sem áform eru um að stofna, þ.e. *Barna- og fjölskyldustofu*. Hvernig til tekst mun velja á því hvernig gengur að manna stofnunina reynslumiklu fagfólki með þverfaglega menntun.

Í frumvarpsdrögum er getið um breytingar á öðrum lögum, s.s. barnaverndarlögum nr. 80/2002. Félagsráðgjafafélag Íslands ítrekar fyrri ábendingar um lið g. þar sem fjallað er um breytingar á 84. gr. barnaverndarlaga. Um er að ræða ákvæði í barnaverndarlögum sem skyldar barnaverndarnefndir til að hafa tiltæk *heimili og önnur úrræði* en hér er um að ræða eitt algengasta vistunarúrræði barnaverndarnefnda þar sem oft er leitað til ættingja barna, jafnvel forsjárlaus foreldris um að annast barn í allt að 3 mánuði. Árið 2019 veitti Barnaverndarstofa 113 leyfi til nákominna vegna tiltekinna barna en fjögur leyfi til að reka viðvarandi úrræði sbr. [https://www.bvs.is/media/samanburdarskyrslur-tolulegar-uppl/Lykiltolur-Barnaverndar\\_stofu-2019.pdf](https://www.bvs.is/media/samanburdarskyrslur-tolulegar-uppl/Lykiltolur-Barnaverndar_stofu-2019.pdf). Þetta ákvæði þarfnast nánari skoðunar, til dæmis aðskilja leyfi vegna vistana barna hjá nákomnum og leyfi til að starfrækja einkaheimili, vistheimili eða önnur heimili sem taka á móti börnum.

Félagsráðgjafafélag Íslands ítrekar einnig fyrri ábendingar er varðar fósturmál en þeirra er ekki getið í frumvarpi til laga um Gæða- og eftirlitsstofnun en fjallað er um það í frumvarpi til laga um Barna- og fjölskyldustofu. Í ljósi þess að Gæða- og eftirlitsstofnun er ætlað hlutverk í fósturmálum ítrekar félagið ábendingu um að Barnaverndarstofa hefur frá árinu 2004 stuðst við námsefnið PRIDE model of practice við hæfnismat og fræðslu til umsækjenda um leyfi sem fósturforeldrar. PRIDE er þróað í Bandaríkjum norður Ameríku og Hollandi og hefur verið innleitt víða í Evrópu sjá slóðina

<https://www.fosterpride.eu/home.html>. Noregur hefur verið í fararbroddi þegar litið er til Norðurlandanna en öllum sem hafa hug á að gerast fósturforeldrar er skylt að sækja PRIDE námskeið, sjá slóðina [https://bufdir.no/fosterhjem/Hvordan\\_bli\\_fosterhjem/Delta\\_pa\\_kurs/](https://bufdir.no/fosterhjem/Hvordan_bli_fosterhjem/Delta_pa_kurs/). Það mun vera farsælla að byggja á þeim grunni sem Barnaverndarstofa hefur lagt í þróun fósturmála á Íslandi og efla PRIDE hugmyndafræðina til að styðja við fósturráðstafanir hér á landi frekar en að gera leyfisveitinguna að sérstöku viðfangsefni. Árið 2018 sóttu 72 einstaklingar eða pör um leyfi til að gerast fósturforeldrar og 47 árið 2019 sbr. <https://www.bvs.is/media/samanburdarskyrslur-tolulegar-uppl/Lykiltolur-Barnaverndarstofu-2019.pdf> en í 105 tilvikum var börnum ráðstafað í fóstur árið 2018, ekki liggja fyrir tölur á vefsíðu Barnaverndarstofu fyrir árið 2019, sjá [https://www.bvs.is/media/almeningur/Lykiltolur-fra-barnaverndarnefndum-2018-N\\_YTT.pdf](https://www.bvs.is/media/almeningur/Lykiltolur-fra-barnaverndarnefndum-2018-N_YTT.pdf). Fósturráðstafanir eru ítrasta úrræði barnaverndar og því mikilvægt að vanda til verka á öllum sviðum, allt frá hæfnismatinu yfir í ráðstöfun barns á fósturheimili. Það er ekki farsællt að skipta þessu ferli á milli stofnana.

Fóstur barns er vandasamt verkefni og og felur í sér að byggja upp tengsl sem ætlað er að vara út lífið hvort sem barnið snýr aftur til upprunafjölskyldu eða dvelur hjá fósturfjölskyldu til 18 ára aldurs. Huga þarf að því að byggja upp öflugna fósturdeild innan Barna- og fjölskyldustofu þar sem fram fer hæfnismat, stuðningur og fræðsla auk öflunar og viðhalds þekkingar á fósturmálum. Þetta er ekki verkefni sem getur verið hornreka á tveimur stofnunum. Þá þarf að rýna 84. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og útfæra breytingar með hliðsjón af hagsmunum haghafa.

Félagsráðgjafafélag Íslands áskilur sér rétt til að koma með frekari athugasemdir á síðari stigum og er félagið tilbúið að fylgja athugasemdum sínum eftir sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,  
f.h. stjórnar Félagsgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann,  
formaður